

## Skýrsla GDLH fyrir starfsárið 2017

### Upphaf starfsárs og úthlutun ábyrgðastarfa

Stjórn félagsins var kosin á aðalfundi í lok október 2016. Davíð Jónsson gaf ekki kost á sér áfram.

### Stjórn GDLH 2016-2017

Magnús Sigurjónsson, formaður

Ágúst Hafsteinsson, varaformaður

Gísli Guðjónsson, ritari

Pétur Vopni Sigurðsson, gjaldkeri

Ingibergur Árnason, meðstjórnandi

Helga Claessen og Stefán Ágústsson voru kosin varamenn

Frá upphafi starfsárs lá fyrir að starfsemi félagsins yrði með svipuðum hætti og árið áður: að stjórn og fræðslunefnd skildu starfa náði saman og áhersla yrði lögð á að halda áfram að efla fræðslustarfið og styrkja tengslanet félagsins á erlendri grundu.

Fyrsti formlegi fundur stjórnar var haldinn daginn eftir aðalfund og var þar skipað í fræðslunefnd. Sindri Sigurðsson, formaður. Aðrir: Marjolijn Tiepen, Valdimar Ólafsson, Sigurður Straumfjörð Pálsson og Logi Þór Laxdal.

### Fundir stjórnar og fræðslunefndar

Á starfsárinu voru haldnir 10 formlegir fundir stjórnar og fræðslunefndar, ásamt fjölmörgum vinnufundum og undirbúningi fyrir fræðslustarf. Fundir fara iðulega fram í húsakynnum LH í Laugardal, en símafundir tíðkast einnig þegar við á.

### Fræðslustarf félagsins

GDLH hélt upprifjunarnámskeið hérlendis og erlendis ásamt þremur ný- og landsdómaranámskeiðum erlendis.



### *Námskeið innanlands*

Líkt og fyrri ár að þá er stærsti viðburður í fræðslustarfi félagsins upprifjunarnámskeið GDLH á höfuðborgarsvæðinu sem að þessu sinni fór fram í Víðistaðaskóla, í mars. Líkt og árið áður var lagt upp með gagnvirka fræðslu og umræðu. Mette Mannseth og Alexandra Montan héldu fyrirlestra. Félagsmenn fóru yfir hesta í stöðvum sem fór vel.

Stuttu síðar var haldið sambærilegt upprifjunarnámskeið á Blönduósi.

### *Námskeið erlendis*

Upprifjunarnámskeið var haldið í Svíþjóð sem og ný- og landsdómarpróf í Noregi og Svíþjóð.

### **Úthlutun dómara innanlands**

Stjórn stóð að úthlutun gæðingadómara á öll gæðingamót á Íslandi á vordögum. Aðeins virkir gæðingadómarar geta tekið þátt í dómsstörfum á ári hverju.

Sambærileg framkvæmd var á úthlutun milli ára. Stjórn GDLH útlistaði drögum að úthlutun sumarsins og sendi á alla félagsmenn. Félagsmenn höfðu þá svigrúm til þess að rýna í dagskránnu og biðja um breytingar ef þess væri þörf.

Þrátt fyrir að dómarar hafi gott svigrúm til að aðlaga úthlutun að eigin dagskrá er ljóst að róteringar á skipan dómara rétt fyrir gæðingamót er ennþá í hærrí kantinum. Einnig er ljóst að síaukið álag fyrstu helgarnar í júní er ekki að hjálpa til. Vert er að skoða þann möguleika að ræða við félögin um að dreifa álaginu á fleiri helgar.

### **Fjórðungsmót í Borgarnesi**

Í júlí var FM haldið í Borgarnesi. 10 dómarar voru valdir til þess að dæma mótið. Hópurinn var samrýndur og mikill metnaður og gott andrúmsloft einkenndi hópinn. Dómstörf gegnu vel en auk hefðbundinna dómastarfa voru haldnir fundir til þess að fara yfir hluti, stilla saman strengi og gera gott starf enn betra.

### **C-flokkur**

Tveir nýir flokkar voru samþykktir á landsþingi síðast, þeir eru fyrir minna keppnisvana og voru félög hvött til þess að bjóða upp á þá, C-flokkurinn er vinsæll erlendis. Sjá bls. 45 og 47 í lögum og reglum LH.

*Það er stórt ár framundan í Gæðingakeppninni og hápunktur þess verður LM í Reykjavík. GDLH hlakkar til spennandi gæðingaárs.*